

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 24. október 2017
Mnr. 2016060025



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Byggingafulltrúa.docx

Eftirfarandi spurningar var lagt upp með í umsagnarbeiðni með tillögu að Svæðisskipulagi, Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

1. Talar framtíðarsýn í kafla 4. til þín og finnst þér leiðarljósín þar lýsa upplifun þinni af svæðinu.
 - Framtíðarsýn sem sett er í svæðinu endurspeglar, að hluta til veikleika sem einkenna sum svæðanna þ.e. atvinnuástand hefur þótt einhæft í mörgum smærri byggðum sem endurspeglast í fólksfækkun og ungt fólk snýr ekki til baka eftir nám. Leiðarljós og markmið sem sett eru fram í kafla 4 geta með mögulega snúið þeirri þróun til betri vega.
2. Ertu sammála áherslum og skilaboðum sem dregin eru fram í 5. kafla sem fjallar um svæðismark.
 - Áherslur og skilaboð sem sett dregin eru fram um svæðismark, draga fram sjálfsmynd svæðanna og sérstöðu, sem mögulega getur verið óljós fyrir utanaðkomandi aðilum s.s. ferðamönnum og öðrum sem eiga leið um. Til þess að vel takist þá þurfa þessar áherslur og skilaboð að vera sýnileg.
3. Ertu sammála markmiðum og leiðum sem sett eru fram í landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu í köflum 6, 7 og 8
 - Markmið hafa verið sett fyrir helstu grunnstoðir atvinnulífs s.s. í landbúnaði, sjávarnytjum og ferðaþjónustu. Markmiðin eru ýtarleg og draga fram sérstöðu svæðanna m.t.t. atvinnu- og innviðauppbyggingar á svæðinu, framfylgd markmiða mun að miklu leiti stýra þeim árangri sem lagt er upp með í vinnslu á Svæðisskipulagi fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepps og Strandabyggð.
4. Hefurðu ábendingar um ferðaleiðir og áningastaði sem fjallað er um í 8. Kafla
Varðandi ferðaleiðir og áningastaði í 8 kafla þá er kerfið nokkuð fjölbætt og yfirgripsmikið og ætti að nú utan um það sem lagt er upp með. Mögulega mætti gera ráð fyrir því að kerfið verði sveigjanlegt m.t.t. áningastaða sem mögulega mynd bætast við og- eða detta út.
5. Dettur þér í hug heiti á leiðina sem kölluð er Vesturáttan/Vesturslaufan í 8. Kafla
 - Vesturslaufan
6. Hefurðu góð ráð um hvernig heppilegt sé að framfylgja því sem kemur fram í svæðisskipulagstillögum, sbr. 10 kafla ?
 - Í 10 kafla er fjallað ítarlega um aðferðarfræði verkefnastjórnunnar, sem nýta má til að framfylgja markmiðum svæðisskipulagsins, verkfærakistan sem boði er upp á í kaflanum er stór og góð. Ef vel á að takast þá þarf samvinna á milli sveitafélaga að vera góð, verkefnastýring hnitmiðuð og samrýmd, þ.e. að sveitafélögin stýri verkefnum á þann hátt að sveitafélögin séu samtaka hverju sinni um hvaða markmið sé unnið að, á viðkomandi tímabili. Frekar en að það sé unnið að markmiðum í sitthvoru lagi, það getur leitt til taktleysis og jafnvel að verkefni falli í dvala. Þ.e. mikilvægt að sveitafélögin þrjú veiti hvort öðru aðhald og vinni þetta jákvætt áfram.
7. Vantar einhverja á listann yfir umsagnaraðila aftast í skjalinu ? Nei
- 8.